

# Árspaning Tennissambands Íslands 2010

**Staðsetning og tímasetning:** Þriðjudaginn 20. apríl 2010 kl:18:30 í fundasal ÍSÍ í Laugardalnum.

## 1. Þingsetning

Skjöldur Vatnar formaður Tennissambands Íslands (hérefir: SV) setti þingið.

## 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

SV kynnti Hafstein Pálsson fundarstjóra (hérefir HP).

HP óskaði eftir athugasemdum við boðun þingsins. Engar athugasemdir bárust.

Hafsteinn Dan Kristjánsson stjórnarmaður TSÍ var valinn fundarritari.

## 3. Kosnar fastar nefndar

Kosið var í *kjörbréfanefnd*. Kosnir voru Kolbeinn Tumi Daðason (hérefir KTD), Bragi L. Hauksson og Sandra Dís Kristjánsdóttir.

HP lagði til að fjárhagsnefnd, laga- og leireglanefnd og allsherjanefnd yrðu ekki kosnar þar sem skapast hefði sú venja að halda umræðu um málefni þeirra nefnda í einni málstofu. Tillagan var samþykkt.

Kosið var í *kjörnefnd*. Kosnir voru KTD, Gunnar Þór Finnbjörnsson (hérefir GPF) og Indriði Þorláksson.

## 4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta ársþings

SV tók til máls og flutti skýrslu stjórnar. SV gerði grein fyrir hverjir sætu í stjórn. SV tók fram að starfsemi TSÍ hefði ekki verið jafn blómleg áður. SV benti á nýja heimasíðu TSÍ. SV rakti þær keppnir sem íslensku landsliðin fóru á, á erlendri grundu. SV benti á að ITN listinn hefði verið stórbættur.

SV gerði grein fyrir samskiptum stjórnar TSÍ við Raj Kumar Bonifacius (hérefir RKB) en hann hafði hætt sem framkvæmdastjóri TSÍ á árinu. SV gerði grein fyrir deilum stjórnar og ósk stjórnar að fá lénið tennis.is fyrir sambandið.

SV gerði grein fyrir samskiptaháttum sem viðhafðir voru í stjórn TSÍ.

SV gerði grein fyrir þeirri stefnu stjórnar og starfsemi að byggja upp sambandið sem hreyfingu og virkja sem flest fólk til að starfa fyrir sambandið og íþróttina.

SV gerði grein fyrir því að hann hefði tilkynnt stjórninni að hann hygðist ekki bjóða sig á ný fram til formanns stjórnar. Hann legði hins vegar áherslu á að hann væri ekki að hætta vegna illinda innan stjórnar heldur vildi hann eyða meiri tíma með drengjunum sínum tveimur. Til að undirstrika gott samstarf sitt við stjórnina benti SV á að hann hygðist bjóða áfram fram starfskrafta sína og ekki síst þekkingu innan stjórnarinnar.

SV gerði grein fyrir fjármálum TSÍ. SV benti á að stefna stjórnarinnar væri í sama anda og í fyrra. Horfið hefði verið frá því að greiða framkvæmdastjóra laun fyrir stóran hluta fjármagns TSÍ en þess í stað reynt að fá fleiri í sjálfböðavinnu þó grunnkostnaður þeirra kynni að vera greiddur.

SV lísti þeirri skoðun sinni að vinna stjórnarmanna og annarra ætti að vera skráð sem tekjur á rekstrarreikningi TSÍ.

SV benti á að þetta væri í fyrsta sinn í sögu TSÍ sem talst fé væri eftir í sjóði.

SV vék að nýju að heimasíðu sem Raket Pétursdóttir (hérefitir RP) hefði unnið að.

SV vék að fræðslu-, útbreiðslu- og þjálfaranefnd. SV benti á að Jónas Páll Björnsson (hérefitir JPB) styrði nefndunum í samvinnu við þjálfara.

SV færði JPB þakkir sem framkvæmdastjóra og einum eiganda Tennishallarinnar fyrir allan stuðningin í gegnum árin en JPB hefur stutt landsliðsfólk með því að leyfa því að æfa endurgjaldslaust í Tennishöllunni.

SV tók fram að átta tennissklúbbar væru starfræktir á landinu. SV vakti sérstaka athygli á að Tennisfélag Garðabæjar hefði verið stofnað. SV tók fram að eitt af markmiðum TSÍ væri að fjölga klúbbum. SV benti á að það vantaði meiri stuðning við tennis á Íslandi svo hægt væri að spila tennis á veturnar (tíu mánuði ársins) á fleiri stöðum.

SV benti á dómarnefnd en Yousef Sheikh hefði séð um hana með góðum árangri.

SV benti á að sjaldan hefði mótahald verið jafn glæsilegt. Mótanefnd, dómarnefnd, þjálfaranefnd og fjölmiðlafulltrúi (kynningarstjóri) hefðu starfað vel saman.

SV benti á að Arnar Sigurðsson og Iris Staub hefðu verið valin Tennismaður og Tenniskona ársins 2009.

SV fjallaði um styrkleikalista TSÍ. SV tók fram að hann væri í mótun og ekki hefði enn verið fullmótað t.d. hvernig spilarar raðast á listann og færast upp eða niður.

SV tók fram að árshátíð hefði verið haldin í fyrsta skipti og hefði hún hepnast mjög vel. Um fimmtíu gestir hefðu mætt.

SV tók fram að mikilvægt væri að stjórnarmenn TSÍ gættu að því skara ekki eld að sinni eigin köku og sérstaklega ef þeir væru að fjalla um málefni leikmanna sem væru tengdir þeim.

SV þakkaði ÍSÍ að lokum fyrir frabært samstarf og aðstoð.

SV tók fram að hann hefði verið formaður í 11-12 ár.

SV tók fram að tveir væru nú í framboði til formanns stjórnar TSÍ, þ.e. RKB og RP.

HP spurði hvort einhver óskaði eftir að gera athugasemdir við skýrslur einstakrar nefnda. Ef ekki væru þær annars lagðar fram. Enginn óskaði eftir að gera athugasemdir við skýrslur einstakra nefnda.

HP spurði kjörbréfanefnd út í störf hennar. KTD kom fram fyrir hönd kjörbréfanefndar. KTD tók fram að ÍBH, UMSK, ÍBR (þ.e. Fjölur, Próttur og Víkingur) ættu fulltrúa á ársþinginu. KTD fór yfir þá sem voru viðstaddir á ársþinginu. Í tvígang komu inn fulltrúar eftir þetta tvígang. Í bæði skipti voru þeir samþykktir.

Fulltrúar ÍBR voru:

1. Stefán Vilhelmsson
2. Kolbeinn Tumi Daðason
3. Björn Jónasson
4. Raj Kumar Bonifacius
5. Indriði H. Þorláksson
6. Bragi L. Hauksson
7. Guðmundur Björnsson
8. Hrafnhildur Hannesdóttir
9. Ragna Davíðsdóttir
10. Arney Rún Jóhannesdóttir
11. Þrándur Arnþórsson
12. Rakel Pétursdóttir
13. Carola Frank Aðalbjörnsson
14. Anna Podokalskaia
15. Ingólfur Hjörleifsson
16. Hjörtur Scheving

Fulltrúar UMS voru

1. Hafsteinn Dan Kristjánsson
2. Jónas Páll Björnsson
3. Yousef Sheikh
4. Helgi Þór Jónsson
5. Sandra Dís Kristjánsdóttir
6. Skjöldur Vatnar Björnsson
7. Júlíana Jónsdóttir
8. Steinunn Harðardóttir
9. Gunnar Finnbjörnsson
10. Magnús Gunnarsson
11. Birkir Gunnarsson
12. Hanna Þóra Guðjónsdóttir

Fulltrúar ÍBH voru:

1. Andri Jónsson
2. Anna Kristín Pétursdóttir

### 3. Rut Ólafsdóttir

#### **5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar**

IH gerði grein fyrir ársreikningum. IH gerði grein fyrir hagnaði og skýrði af hverju ákvæðinn munur hefði komið. TSÍ hefði varasjóð hjá ÍSI og þar á meðal væri ríkisstyrkur sem haldið hefði verið eftir þar sem ekki hefði verið skilað inn öllum eyðublöðum. Hefði það dottið upp fyrir við starfsmannabreytingar hjá stjórn TSÍ á árinu. Þá hefðu lottótekjur verið greiddar út í janúar.

HP gaf orðið laust vegna skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Ólafur Rafnsson (hérefir ÓR) formaður ÍSI tók til máls.

ÓR þakkaði hlý orð í sinn garð og starfsfólks ÍSI.

ÓR áréttaði að vel væri farið með fé. Framsetning reikning yrði að vera skýr og lagrði fram áritaðir. ÓR lagði áherslu á að þeir væru vel sundurliðaðir.

ÓR tók fram að það væri ánægjulegt að „eðlisflokkunn“ væri tekin upp í fjárhagsáætlun, þ.e. tengja styrki við verkefni sem heyra undir eðli þeirra. ÓR tók fram að honum þætti gaman að sjá rauntölur. ÓR tók fram að mikilvægt væri að gæta skýrleika í framsetningu á meðferð fé ekki síst gagnvart þeim sem láta það í té.

ÓR færði TSÍ hamingjuóskir fyrir nýja heimasíðu. ÓR tók fram að væri mikilvægt tæki til að ná til unga fólksins. ÓR tók fram að öll sérsambönd yrðu að hafa heimasíðu. ÓR setti fram þá hvatningu að TSÍ a fengi lénið tennis.is. Hann taldi að lénið ætti heima innan TSÍ.

ÓR tók fram að það virtist vera kraftur og vöxtur í starfsemi TSÍ. ÓR benti á að tennis ætti sér ríka hefð út í heimi og væri meðal stærstu keppnisgreina á Smáþjóðleikunum. Í því sambandi benti ÓR á að Smáþjóðleikarnir yrðu haldnir í Lichtenstein næst en á Íslandi árið 2015.

ÓR tók fram að ánægjulegt að heyra að JPB styddi svona vel við tennis á Íslandi.

ÓR benti á þá sérstöðu sem tennis hefur á Íslandi en hann vext ekki með skólunum. Mikilvægt að fá aðra höll. Hann setti fram þá áskrun að reyna að fá aðra höll.

ÓR tók fram að hagnaður og eigin fjárstaða væri ekki ófýsileg. ÓR tók þó fram að tiltekinn styrkur væri hugsaður svo að sérsambönd gætu haft starfsmann. Hann væri ekki endilega andsnúinn því hvernig þetta væri sett fram á fjárhagsáætlun nú en taldi hins vegar mikilvægt að stjórn TSÍ fengi þessa nýtingu styrksins á hreint. Mikilvægt væri að nýta styrki í það sem þeir væru veittir í.

ÓR fjallaði um niðurskurði m.a. í íþróttahreyfingum. Hann tók fram að íþróttahreyfingar ættu sér þrjár stoði. Ríkið, atvinnulífið og heimilin í landinu. ÓR taldi að of hátt hlutfall tekna TSÍ kæmi frá ÍSI.

ÓR tók fram að starfsemi innan íþróttahreyfinga væri almennt sjálfböðavinna en stundum greitt upp í grunnkostnað fyrir endurgjaldslausu samfélags vinnu. ÓR tók fram að tekjur hefðu minnkað og kostnaður hækkað. Væri tvöfalt dýrara að senda keppendur erlendis.

ÓR tók fram að fáar einingar ynnu jafnmikið starf fyrir jafnlita fjármuni og TSÍ.

ÓR gerði athugasemdir við skoðanaskipti RKB og stjórnar TSÍ. Hann tók fram að virkja yrði kraftinn í fólki með skoðanir. Kraftmiklir einstaklingar leituðu oft annarra leiða. Allir ynnu þó að sama markmiði. Mikilvægt væri að ræða saman og viðra hornóttar skoðanir. Nýta lýðræðið og viðra skoðanir með lýðræðislegum hætti. Ganga síðan út af þingi ein, sameinuð að baki þeirri stjórn sem yrði kosin.

ÓR tók fram að mikilvægt að íþróttahreyfingar væru ekki að blanda sér í stjórnsmál. Íþróttahreyfingar yrðu að vera sjálfstæðar.

ÓR tók fram að á þinginu ætti það sama gilda og á vellinum. Menn heilsast fyrir leik og eftir leik. Takast svo á innan marka leiksins.

ÓR sæmdi SV gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín.

Indriði H. Þorláksson benti á að IH hefði haft samband við sig vegna áritun reikninga. Honum hefði ekki gefist tími til að skoða þá ýtarlega.

RKB gerði grein fyrir samskiptum stjórnar og sín vegna lénsins tennis.is. RKB dreifði upplýsingum af því tilefni. RKB tók fram að hann ætti lénið og hefði alltaf unnið að því.

HP bar upp ársreikninga sem voru samþykktir einróma.

## **6. Stjórnin lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

HP lagði til að hún yrði ekki tekin til umræðu fyrr en hún væri tekin til afgreiðslu. Það var samþykkt.

## **7. Laððar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar**

RKB lagði fram þá tillögu að c-liður 3. gr. laga TSÍ yrði breytt frá því að hlutverk stjórnar væri ekki að eiga samskipti „gagnvart útlöndum“ heldur gagnvart Alþjóðatennissambandinu (International Tennis Federation/ITF) og Evróputennissambandinu (Tennis Europe). RKB gerði grein fyrir þeim rökum sem lágu að baki þeirri tillögu. Hann dreifði upplýsingum og benti á hvað íslenskir tennisspilarar hefðu grætt mikið á að vera í þessum samböndum. Hann taldi mikilvægt að stjórnin gæti ekki tekið ákvörðun um að hætta í þessum samböndum.

Líney benti á að ÍSI gerði kröfu að sérsambönd væru í tilteknum viðurkenndum fjölþjóðlegum samböndum.

SV gerði breytingartillögu á breytingartillögu RKB: „gagnvart útlöndum og einnig Alþjóðatennissambandinu (International Tennis Federation/ITF) og Evróputennissambandinu (Tennis Europe)“.

Sú tillaga var samþykkt.

**Þessa lagabreytingu þarf að senda til ÍSÍ til staðfestingar.**

## **8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar**

### **9. Nefndarálit um tillögur lögð fram og atkvæðagreiðslur um þær.**

Engar tillögur, nefndarálit eða önnur mál bárust eða voru lögð fram.

## **ÞINGHLÉ**

Fjárhagsáætlun 2010 var tekin til afgreiðslu.

SV tók til máls. Hann benti á að TSÍ ætti meira fé en gert hefði verið ráð fyrir. SV gerði grein fyrir því hvernig væri í pottinn búið með ríkisstyrkinn. SV tók fram að stjórnin hefði ekki áttað sig á því fyrr en síðar. Þannig hefði komið í ljós að meiri fjármunir voru til en taldir voru upphaflega. Ákvarðanir stjórnar hefðu tekið mið af lægri fjárhagsstöðu. Mismunurinn væri 900 þúsund kr.

SV tók fram að fjárhagsáætlun á síðasta ársþingi hefði komið mönnum á óvart. SV gerði grein fyrir því að fyrir tveim dögum hefði verið vakin athygli stjórnar á því að 264 þúsund kr. hefði verið haldið eftir af ÍSI. Eftir að stjórn TSÍ leitaði skýringar á því hefði komið í ljós að ÍSI hefði greitt reikning vegna tveggja keppenda sem fóru á Ólympíuleika æskunnar. SV tók fram að þetta mál hefði verið rætt á fundum. Sú ákvörðun hefði verið tekin að fara ekki. Varpað var fram mynd af fundargerð þar sem sú ákvörðun var tekin. Engu að síður hefði RKB farið framhjá stjórninni og til ÍSI og látið greiða þessa reikninga. SV tók fram að þessir fjármunir hefðu verið skuldfærðir í reikningum TSÍ gagnvart þessum tveimur keppendum.

SV tók fram að framkvæmdastjórastyrkurinn væri skilyrtur. Hann væri nýttur í tengd verkefni sem hann teldi að hefðu tekist vel.

HP benti á að mikilvægt væri að ræða við Líney um einstaka liði svo ekki kæmi síðar upp vandamál með ríkisstyrkinn.

HP benti á að fjárhagsáætlunin væri rangt upp sett. 800 þúsund kr. í sjóði ætti ekki að vera inni. Aðeins ættu að vera inni tekjur og gjöld.  $800 - 115 = 685$  þúsund krónur í mínus miðað við þesa framsetningu, þ.e. sú fjárhæð sem gert væri ráð fyrir að sambandið yrði rekið með halla á komandi starfsári.

RBK benti á að hann hefði fengið samþykkt á síðasta ári 205 þúsund kr. vegna Ólympíuleika æskunnar. Hann væri hins vegar reiðubúinn að greiða mismuninn.

RBK óskaði eftir að stjórnin gerði grein fyrir afmörkun einstakra liða, vinnumagni og hvort einstakir liðir væru bundnir við verkefni.

IH svaraði með almennum hætti og gerði grein fyrir einstökum liðum. Hann benti á að liðir væru allajafna bundnir við að unnin væru tiltekin verkefni en ekki greidd laun fyrir ákveðið vinnumagn.

SV gerði grein fyrir því að nefndir hefðu að einhverju leyti svigrúm við afmörkun verkefna sinna en ættu að skila stjórninni skýrslu.

RKB gerði tillögu um gagnagrunn. Hann var ekki viss um hvað slíkt verkefni myndi kosta.

HP benti á að ríkisstyrkurinn hefði verið lækkaður úr 2,2 milljónum í 2 milljónir. Halli væri því upp á hátt í 900 þúsund kr. á næsta starfshári samkvæmt fjárhagsáætlun. Hann lagði til að dregið yrðu úr útgjöldum.

Ítrekað kom fram meðal stjórnarmanna og einstakra fulltrúa á ársþingi að fjárhagsáætlun væri viðmið sem gæti tekið breytingum. SV benti á að mikilvægi þess að herða ekki of sultarólarnir hvað liði einstökum kostnaðarliðum, því kostnaður risi venjulega óvænt, óvæntir útgjaldaliðir kæmu upp og mikilvægt væri að bregðast við aðstæðum. RKB vildi hins vegar að stjórnin væri bundin fjárhagsáætlunin.

RKB vildi að 500 þúsund kr. væru settar aukalega í landsliðsnefnd og skorið væri niður kynningarstjóri í 100 þúsund kr. og vefstjóri niður í 200 þúsund kr.. RKB taldi að lítil vinna lægi að baki heimasíðunni.

HP gerði grein fyrir því að um 5,2 milljónir væru á tekjuhliðinni. Það væri staðreynd. Síðan hefði komið fram tillaga um að landsliðsnefnd færi frá 250 þúsund kr. upp í 750 þúsund kr. RP gerði grein fyrir að sú fjárhæð færi í landsliðsæfingar fyrir karla og kvenna landslið og unglíngalandslið út vorið. RP og HDK tóku bæði undir mikilvæg þess að halda þessum æfingum áfram. HDK benti á að landsliðsverkefni næmu umtalsvert hærri fjárhæðum en verið væri að láta í umræðunni. Þannig væri miðað við annars vegar 800 þúsund kr. og 600 þúsund kr. fyrir Davis Cup og Fed Cup, þá væru Evróputennismót hérlendis o.fl. Því skagaði þessi fjárhæð fremur upp í hátt í 2 milljónir. Hins vegar væri auðvitað æskilegt að að fá meiri fjármuni svo hægt væri að gera meira. Hins vegar mætti ekki gleyma því að lögð hefði verið áhersla á það að TSÍ væri hreyfing, heildstætt samband sem styrki ekki bara einstaka leikmenn og landsliðsferðir heldur sinni ýmsum verkefnum og einnig hér heima.

Sú tillaga kom fram að skrifstofukostnaður yrði lækkaður úr 450 þúsund kr. í 250 þúsund kr. SV gerði grein fyrir því að hann hefði dreift ríkisstyrknum deginum áður á ýmsa útgjaldaliði og þar með aukið við 200 þúsund kr. á þennan lið. Þar færu út ýmsir ótilgreindir reikningar. Mikilvægt væri að hafa fjármuni til að bregðast við útgjaldaliðum sem kæmu upp á og væru ekki í fjárhagsáætlun.

Tillaga um kynningarstjóri yrði lækkaður var felld.

Tillaga um að vefstjóri yrði lækkaður var felld

Tillaga um að lækka skrifstofukostnað niður í 250 þúsund kr. var samþykkt.

Tillaga um að hækka landsliðsnefnd um 500 þúsund kr. var felld.

Tillaga um að liðurinn annað héti annað/gagnagrunnur var samþykkt.

HP tók fram að eftir þetta væri ríkisstyrkur 435 þúsund (neðst á fjárhagsáætlun), útbreiðslustyrkur 10 þús og lottó tekjur 360 þúsund kr.

Fjárhagsáætlun var samþykkt með áorðnum breytingum.

## **10. Önnur mál**

RKB óskaði eftir upplýsingum um val í landsliðið árið 2009, hvaða reglur giltu og hvort sömu reglur giltu fyrir karla og konur.

Gunnar Finnbjörnsson tók til máls og gerði grein fyrir því. Hann útskýrði hvernig aðstaðan hefði verið nú á vormánuðum og aldrei yrðu allir sáttir.

HDK tók til máls og gerði nánari grein fyrir valinu og benti á að stjórnin hefði samþykkt að halda mastersmót í janúar sem myndi marka meginlínurnar fyrir val í Davis Cup og Fed Cup. Þannig fengju sem flestir áhugasamir að taka þátt. Í umræðunni kom fram að mikilvægt væri að gæta sveigjanleika og taka tillit til framfara leikmanna hér heima. RP benti á að ódýrara væri að panta flugmiða fyrr. HP tók fram að ákvörðun yrði að vera tekin á tilteknum tímapunkti.

IH gerði á ný grein fyrir 265 þúsund kr. vegna Ólympíuleika æskunnar og að hann hefði verið skuldfærður.

RKB tók til máls, sbr. hér að ofan.

JPB tók til máls. Hann lýsti stuðning við mastersmótið. JPB tók fram að sjaldan hefði verið unnið jafn gott starf og einmitt á síðasta starfsári. Búið hefði verið að virkja ýmsar nefndir. Kynningarstjóri fengi aðeins greitt ef hann kæmi mótum og atburðum í fjölmiðlana. Þetta væri mikil auglýsing fyrir tennisíróttina. Þá væru fleiri leikir dæmdir. Mótaröð í nánast hverjum mánuði. RKB ætti heiðurinn að þeim grunni sem núgildandi mótaröð byggði á. Skólakynningar ættur sér stað. Ný heimasíða sem væri mikilu betri. JPB tók fram að hann sæti í fræðslunefnd. Hann tók fram að grasrótarverkefni væru góð og skiptu miklu fyrir hreyfinguna. ITN verkefnið væri hlut af þess. Hefði verið haldin í fyrsta sinn árshátíð. Fræðslunefnd hefði sent þjálfara á námskeið og þeir kynnt síðan efni námskeiðsins fyrir öðrum þjálfurum hér heima. JPB sagði að honum fyndist starfið aldrei hafa verið betra.

Youseif Sheikh spurðist fyrir um dómaraaðbúna t.d. stóla, flautur, búningar og stigaspjöld. HP tók fram að almennt væru það klúbbarnir. HDK tók fram að mætti skoða það.

Carola Frank Aðalbjörnsson tók fram að erfitt væri fyrir svokallað kapteina landsliðanna að skipuleggja ferðir og mikilvægt að væri meiri aðstoð fyrir þá.

JPB tók fram að hann væri hlynntur því að dreifa verkefnum og þeir sem stæðu næst þeim sinntu þeim. Þeir væru meira einbeittir við að sinna þeim. HDK tók fram að kapteina fyrirkomulagið hefði tekist vel hjár körlunum en RKB hefði tekið það sér. JPB tók fram að hefði tekist vel hjá stlepunum einnig. HDK tók fram að líklega fylgdi þessu stress í fyrsta sinn. Um hefði verið að ræða hugmynd sem hefði verið að prófa í fyrsta sinn. Á henni gætu verið hnökur sem þarf að taka á en nú væri komin smá reynsla á fyrirkomulagið.

KTD tók fram að HP hefði verið fundarstjóri í amk tíu skipti. KTD fagnaði þeirri umræðu sem hefði átt sér stað á ársþinginu. Hann taldi mikilvæg að hægt væri að ræða málin. Hann tók fram að mikilvægt væri að persónugera ekki málin og meta hvert mál á efnislegum forsendum en ekki út frá því hver legði fram tillöguna.

### **11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttþing**

Tveir buðu sig fram til formanns stjórnar TSÍ. Annars vegar Raj K. Bonifacisu og hins vegar Rakel Pétursdóttir.

HP bauð þeim báðum að gera í örstuttu máli grein fyrir viðhorfum sínum.

Rakel Pétursdóttir var kosin með 18 atkvæðum gegn 6 og því formaður stjórnar TSÍ starfsárið 2010-2011.

Ingólfur Hjörleifsson og Helgi Þór Jónsson voru einu í framboði til stjórnar og hlutu báðir einróma staðfestingu í samræmi við það.

Þrír voru kosnir í varastjórn: Jónas Páll Björnsson, Skjöldur Vatnar og Þrándur Arnþórsson.

Tveir skoðunarmenn voru kosnir: Guðmundur Björnsson og Indriði H. Þorláksson.

HP spurði hvort óskað væri eftir að beðið væri með að kjósa íþróttafulltrúa þar til á næsta ársþingi ef það yrði haldið fyrir á næsta ári. Það var samþykkt.

GF tók til máls og sæmdi SV gullmerki TSÍ fyrir hönd stjórnar TSÍ fyrir stöf sín í þágu sambandsins í 11-12 ár.

### **12. Þingfundagerðir lesnar og staðfestir**

HP lagði til að sleppt væri upplestri þingfundagerðar.

### **13. Þingslit**

HP þakkaði fyrir samstarfið á þinginu.

Þinginu var slitið.

Fundarritari var Hafsteinn Dan Kristjánsson